SIV EIGNASTÝRING

Reykjavík, 19. janúar 2024

Efni: Tilkynning um uppfærðar reglur og nafnabreytingu á tveimur sjóðsdeildum.

Kæri hlutdeildarskírteinishafi,

Það tilkynnist hér með að frá og með 19. janúar taka gildi nokkrar breytingar á reglum Fjárfestingasjóðs SIV eignastýringar hs. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og innan hans eru nú fjórar sjóðsdeildir sem reknar eru sem hlutdeildarsjóðir, en áður voru þær þrjár. Hlutdeildarskírteinishafar þurfa ekkert að aðhafast. Breytingarnar eru eftirfarandi;

- Við sjóðinn bætist ný sjóðsdeild sem kom í rekstur til SIV eignastýringar í desember 2023. Nafn sjóðsdeildarinnar var Glymur – Lausafjársjóður hs. en heitir nú **SIV Lausafjársjóður hs.** Meðallíftími eigna sjóðsdeildarinnar að hámarki er lækkaður úr 365 dögum, í 180 daga.
- Sjóðsdeildin SIV Lausafé hs. fær nýtt nafn og heitir nú **SIV Skammtímasjóður hs**. Meðallíftími eigna sjóðsdeildarinnar er hækkaður úr 365 dögum að hámarki, í 397 daga.
- Fyrir sjóðsdeildina SIV Skuldabréf hs. er hámark fjárfestingarheimilda til skortsölu lækkuð og er nú 20% og hámarksheimild til að kaupa skuldabréf með breytirétt er lækkuð í 15%.
- Hámarksheimild til að kaupa skuldabréf með breytirétt er lækkuð í 25% í sjóðsdeildinni SIV hlutabréf hs.
- Heimild til að hækka umsýsluþóknun án reglubreytingar er tekin út, föst umsýsluþóknun sjóðsdeilda er nú 0,4% í SIV Lausafjársjóði, 0,5% í SIV Skammtímasjóði, 1,0% í SIV Skuldabréf, og 1,7% í SIV Hlutabréf. Annar kostnaður sjóðsdeilda er takmarkaður við 0,2% á ársgrundvelli. Heimild til að taka upphafsþóknun er felld niður.

Aðrar breytingar eru ekki efnislegar heldur hluti af heildarendurskoðun og uppfærslu. Nánari upplýsingar um reglubreytingar má sjá í reglum sjóðsins sem eru á heimasíðu félagsins, www.siveignastyring.is

Ef frekari upplýsinga er óskað er velkomið að hafa samband við Arnór Gunnarsson, framkvæmdastjóra SIV eignastýringar hf., arnor@siveignastyring.is eða Þorkel Magnússon, forstöðumann sjóðsstýringar SIV eignastýringar hf. thorkell@siveignastyring.is.

Virðingarfyllst

Arnór Gunnarsson
Framkvæmdarstjóri SIV eignastýringar hf.